

Borgarnes, 17. febrúar 2021

Efni: Menningarstefna Vesturlands 2021-2025

Ágæti viðtakandi

Nú er að fara af stað vinna við Menningarstefnu Vesturlands 2021-2025. Hér með er óskað eftir að fulltrúa frá sveitarfélögunum til að sitja í fagráði fyrir mótun og útgáfu Menningarstefnu Vesturlands fyrir árið 2021-2025. Menningarstefna landshlutans var í gildi á árunum 2016-2019 og því er orðið tímabært að koma þeirri vinnu sem hér er kynnt af stað á ný.

Í fagráði sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögunum á Vesturlandi auk fjögurra aðila sem hafa menningartengdar atvinnugreinar sem aðalstarf á Vesturlandi.

Samkvæmt starfsáætlun er reiknað með að fagráð hittist þrisvar sinnum á fjarfundum á meðan vinnslu stefnunnar stendur. Auk þess er fulltrúum fagráðs frjálst að sækja opna svæðisfundi sem verða fjórir talins auk eins Vesturlandsfundar sem verða auglýstir síðar. Áætlað er að starfi fagráðs ljúki í lok maí 2021 með formlegri útgáfu stefnunnar.

Óskað er eftir að tilnefning berist undirritaðs **eigi síðar en þriðjudaginn 23. febrúar nk**, með því að senda upplýsingar um nafn, tölvupóst og símanúmer viðkomandi með tölvupósti á sigursteinn@ssv.is. Sveitarfélögunum er frjálst að velja fulltrúan, en það er ráðlagt að viðkomandi starfi við menningarmál sveitarfélagsins af einhverju tagi, sitji í menningarnefnd eða sé málsvari síns svæðis í menningarmálum.

Menningarstefna Vesturlands 2021-2025 er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands með vinnuheitið Blómleg menning.



Sigursteinn Sigurðsson

Menningarfulltrúi Vesturlands
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi